

Sþ.

60. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð á viðbótarláni til virkjunar Andakilsár.

Flm.: Pétur Ottesen, Bjarni Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, allt að 3 milljón kr. viðbótarlán til virkjunar Andakilsár, þó ekki yfir 85% af heildarkostnaði af verkinu.

Greinargerð.

Stjórn Andakilsárvirkjunar hefur óskað eftir, að við flutningsmenn þessarar tillögu öfluðum á Alþingi heimildar handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast allt að þriggja milljóna króna viðbótarlán til að ljúka 5000 hestafla virkjun Andakilsár, sem hafin var fyrri hluta ársins 1945, og lagningu háspennulínu frá orkuverinu til Akraness og Borgarness.

Kostnaður við virkjunina og háspennulíurnar hefur, eins og tillagan ber með sér, farið allverulega fram úr áætlun. Er í erindi frá Árna Pálssyni verkfræðingi, en hann er ráðamaður stjórnar Andakilsárvirkjunar um framkvæmd verksins, gerð grein fyrir því í aðalatriðum, í hverju hækkunin er fólgin.

Gert er ráð fyrir, að verki þessu verði lokið síðari hluta vetrar. Efni til virkjunarinnar og í háspennulínur er að langmestu leyti komið til landsins og ólíklegt talið, að sá dráttur geti orðið á því efni, sem enn vantar, að þessu takmarki verði ekki náð.

Greinargerð Árna Pálssonar hljóðar svo:

Í byrjun ársins 1944 voru fest kaup á vélum til virkjunar 5000 hestafla í Andakilsárfossum og með því ákveðið að hefja þar virkjun. Veitti Alþing aðstoð til þess með afgreiðslu tveggja ábyrgðarheimilda, allt að 3 millj. og 4,5 millj., eða samtals allt að 7,5 milljónum, en það var þá talið 85% af heildarkostnaði virkjunar (8,82 millj. kr.).

Vinna var hafin á virkjunarstaðnum síðari hluta maimánaðar 1945 og er nú það langt á veg komin, að allar líkur eru til, að orkuverið taki til starfa á þessum vetri, ef eigi verður dráttur á afhendingu efnis frá útlöndum.

Á þeim tíma, sem liðinn er síðan Alþingi samþykkti síðari heimildina til ábyrgðar á virkjunarláni, hafa ýmsar breytingar orðið á verðlagi og öðru, er áhrif hefur á virkjun og gerir hana óhjákvæmilega dýrari en á horfðist haustið 1944, er síðari tillagan til þingsályktunar var til umræðu. Skal þar nefnt, að vísitala er hærri nú en þá, grunnkaup hærra, nokkuð af virkjunarefni var enn ókeypt, en verð þess á erlendum markaði hefur farið síhækkandi, farmgjöld eru enn á árinu 1946 hærri en við hefði mátt búast. Greiðsla véla og virkjunarefnis var yfirleitt þannig, að greiddur var $\frac{1}{3}$ hluti kaupverðs, þegar kaup voru gerð, en $\frac{2}{3}$ við afhendingu vöru. Flestar vélanna komu í sumar, eftir að gengi sænsku krónunnar hækkaði, og kemur þar til gengistap á $\frac{2}{3}$ hlutum kaupverðs. Fullnaðaruppdrættir að vélum og undirstöðum þeirra bárust hingað til lands í apríl 1945, og fyrr varð eigi hægt að ákveða til fullnustu nákvæma stærð orkuvers og undirstöðu véla. Þá skal þess getið, að í áætlunum var gengið út frá, að vinna yrði hafin vorið 1945, sem og varð, og lokið um 1. okt. 1946, þetta hefur þó reynzt ókleift, meðal annars vegna dráttar á afhendingu véla, en sá dráttur stafaði af verkfalli í málmiðnaðinum sænska árið 1944; það kemur því margra mánaða dráttur á framkvæmt verksins, samfara vaxtapi við að framkvæmdir standa lengur yfir en ella.

Þá hafa verið gerðar nokkrar breytingar á mannvirkinu, er miða að því að auka rekstraröryggi þess, og á það bæði við um vélar orkuvers og háspennuleiðslur, og jafnframt má það telja aukingu, að ráðstafanir eru gerðar nú þegar í upphafi til að kleift verði að leggja fleiri línur út frá orkuverinu og með því skapaðar betri aðstæður til að tengja orkuverið við önnur langlínukerfi.

Skal nú gerð nokkru nánari grein fyrir, hver áhrif breytingar þessar og aðrar aðstæður hafa á kostnaðarverð.

1. Aukning á öryggisbúnaði orkuvers og búnaður fyrir fleiri háspennulínur o. fl.	kr.	321 000
2. Breytingar á legu háspennulínu til Borgarness. Aukið rekstraröryggi við að línan er lögð um Hvítarósa í stað sæstrengs frá Sel eyri og línan liggur betur við til að reisa aukalínur út um sveitir	—	300 000
3. Kostnaður við svæði spenna og oliurofa hjá orkuveri utanhúss svo og annar nauðsynlegur búnaður	—	317 000
4. Verðhækkun á ókeyptu efni og tækjum. Innkaupsverð þeirra nemur nú um 500 000 krónum. Frá haustinu 1944 hefur efnið farið síhækkandi og erfitt að segja með vissu, hver hækkun er. Þykir sennilegt að mætti áætla	—	125 000
5. Breyting vísitölu og grunnkaupshækkun, kostnaðarauki á vinnulaun	—	330 000
6. Gengisbreyting sænsku krónunnar	—	111 000
7. Vaxtatap vegna dráttar á afhendingu efnis, þannig að orkuverið tekur væntanlega um 7 mán. seinna til starfa en ella	—	230 000
8. Þá hefur verið gerð breyting á stíflu, breytt tilhögun inntaksklefa og stíflan yfirleitt gerð veigameiri. Kemur það að notum, er virkjað verður til fulls, þar eð ganga verður út frá, að stíflan verði þá hækkuð um fulla 2 m. Er þessi liður stærstur þeirra, er að framan eru taldir, og telst hæfilega áætlaður	—	720 000
9. Þá hefur sú reynd orðið á, að nokkru meira er unnið í eftirvinnu en gengið var upphaflega út frá, og flutningskostnaður hefur aukizt vegna hækkandi vísitölu og grunnkaupstaxta og loks að vinnutími nær yfir 2 sumur og 2 vetur og hefur slíkt mikinn óbeinan kostnað í för með sér. Loks er ónefndur enn einn liður, er fer síhækkandi með ári hverju, en það er svonefndur verkamannakostnaður, þ. e. kostnaður við aðbúð verkamanna, rekstur verkamannaskála, ferðir verkamanna heim um helgar o. s. frv.; enn fremur er ótalið, að byggð eru tvö íbúðarhús í stað eins, sem ráð var fyrir gert í upphafi. Skal í þessu sambandi á það bent, að aðbúð er hér í hezta lagi og ekkert til sparað í þeim efnum, svo sem vera ber. Allir þeir liðir, sem eru taldir að síðustu, nema háum upphæðum, en erfitt að gera grein fyrir hverjum einum þeirra, þar eð sumir þeirra fara eftir því, hve lengi vinna varir enn, og verður þeirri spurningu naumast svarað, fyrr en allt efni er komið til landsins. Að þessu athuguðu virðist eðlilegt að ganga út frá, að liðir 1—9 nemi liðugum 3,2 milljónum króna og heildarkostnaður verði	—	12 340 000

Reykjavík, 30. október 1946.

Árni Pálsson.